

Sjúkratryggður einstaklingur sem nýtir sér þjónustu rekstrarleyfishafa sem hefur þjónustusamning við ráðuneytið, sbr. 1. mgr. á rétt á kostnaðarþátttöku ríkisins skv. 2. tölul. 1. mgr., 2. mgr. og 4. mgr. 2. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 10. mgr. sbr. 4. mgr. 37. gr. a. og 4. mgr. 37. gr. b. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 11. mars 2005.

Jón Kristjánsson.

Guðríður Þorsteinsdóttir.

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Borgarbyggð.

Deiliskipulag gamla miðbæjarins í Borgarnesi.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt ofangreint skipulag.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997.

Ofangreint skipulag öðlast þegar gildi.

Borgarnesi, 15. mars 2005.

Sigurður P. Harðarson, bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar.

AUGLÝSING

staðfestingar á breytingu á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Marinós Bjarna Kristjánssonar nr. 290 22. apríl 1983.

Stjórn Minningarsjóðs Marinós Bjarna Kristjánssonar hefur samþykkt eftirfarandi breytingar á skipulagsskrá sjóðsins sem staðfest var 22. apríl 1983:

Breyting á 7. gr. skipulagsskrárinnar er að í stað orðanna „sparisjóðsstjóri Eyrarsparisjóðs“ komi „útibússtjóri Sparisjóðs Vestfirðinga, Patreksfirði“

9. gr. skipulagsskrárinnar orðist svo:

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

Reikningar hans skulu endurskoðaðir með reikningum Sparisjóðs Vestfirðinga.

Ofangreindar breytingar á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Marinós Bjarna Kristjánssonar staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 15. mars 2005.

F. h. r.

Hjalti Zóphóníasson.

Bryndís Helgadóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphreinsun og eyðingu sorps í Skorradalshreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn Skorradalshrepps er heimilt, í samræmi við 5. gr. samþykktar nr. 632/2000 um sorphirðu (sorphreinsun og sorpeyðingu), að leggja á sérstakt gjald vegna sorphreinsunar og eyðingar sorps í Skorradalshreppi.

2. gr.

Gjaldið er árlega sem hér greinir:	kr.
Sorpgjald A Lögbýli með búskap:	13.500
Sorpgjald B Tjaldsvæði og önnur atvinnustarfsemi:	13.500
Sorpgjald C Lögbýli án búskapar:	7.000
Sorpgjald D Frístundahús, fullgerð og í byggingu samkvæmt FMR:	5.000
Sorpgjald E Íbúðarhús:	7.000

Gjald sem leggst á einu sinni með innheimtu byggingarleyfisgjaldi:

Sorpgjald F Nýbygging frá 35 m ² að 100 m ² :	6.000
Sorpgjald G Nýbygging stærra en 100 m ² :	9.000

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Skorradalshrepps með stoð í 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 294/2003 um sorpeyðingu í Skorradalshreppi.

Samþykkt í sveitarstjórn Skorradalshrepps 9. mars 2005.

Grund, 13. mars 2005.

Davíð Pétursson oddviti.